

Bæjarráð/bæjarstjórn Fjallabyggðar  
Ráðhúsinu, Gránugötu 24  
580 Siglufirði

### **Efni: Staðsetning á nýjum kirkjugarði í Ólafsfirði**

Okkur langar að rita nokkur orð og leggja inn í umræðuna um staðsetningu á nýjum, fyrirhuguðum kirkjugarði í Ólafsfirði. Fyrir einhverjum mánuðum var kosið um staðsetningu fyrir nýja garðinn og voru þá tveir valmöguleikar í boði. Annars vegar við Garðsveg, sunnan Héðinsfjarðargangna og hins vegar í landi Brimness, ofan Þjóðvegur. Höfðu þeir kosningarétt sem voru búsettir, með lögheimili í Ólafsfirði.

Verður að segjast að þessi kosning var þannig úr garði gerð að ekki margir vissu um hana og engin almennileg kynning var haldin fyrir íbúa. Og til að toppa þetta allt var kosningin á heimasíðu sveitafélagsins, gerð mjög flókin fyrir hlutaðeigandi (margir sem voru ekki nógu „tölvukunnugir“ gátu hreinlega ekki kosið).

Samkvæmt heimasíðu Fjallabyggðar þá voru 589 íbúar á kjörskrá en einungis um 20% kusu. Það þýðir að „einungis“ 119 manns notuðu atkvæði sitt og kusu. Brimnes hlaut 62% atkvæði eða 73. Garðsvegur fékk 38% eða 38 manns.

Þessi þátttaka segir manni að fáir notuðu kosningarétt sinn þrátt fyrir að margir Ólafsfirðingar hafi miklar skoðanir á nýjum kirkjugarði. Við leyfum okkur að fullyrða að þetta yrði ekki niðurstaðan ef staðið væri að kosningunni með öðrum og aðgengilegri hætti.

Einnig er mikilvægt að nefna, að þegar vinna hófst við að leita nýrrar staðsetningar fyrir kirkjugarð í Ólafsfirði þá var Brimneslandið ekki inn í myndinni. Það voru fjórar aðrar staðsetningar sem komu til greina og var það kynnt sóknarnefnd Ólafsfjarðarkirkju. Nefndin fundaði um þessar staðsetningar og komst að niðurstöðu.

Nú að þeim hluta sem snýr að staðsetningunni, þ.e.a.s. Brimneslandinu.

1. Samkvæmt drögum að deiliskipulagi sem gert var fyrir árin 2020-2032 er Brimnes og landið í kring skipulagt sem byggingarland/byggingarsvæði.
2. Byggilegt undirlendi er ekki mikið við utan verðan Ólafsfjörð og því ber okkur/sveitafélaginu að nýta það vel. Við höfum frá örófi alda og til dagsins í dag haft náttúruvar allt í kring, snjóflóð og aurskriður. Í landi Brimnes er engin slík hættu, hvorki snjóflóðahætta né skriðuhætta. Því væri algjör fásinna að taka þetta land undir kirkjugarð.

3. Þeir sem þekkja til Brimneslandsins segja að landið sé stórgrýtt og einnig mjög blautt. Það hentar því illa fyrir kirkjugarð.
4. Segja má að Brimneslandið sé „Múlahverfi“ okkar Ólafsfirðinga.

Í lokin viljum við skora á bæjaryfirvöld, að endurskoða ákvörðun sína, láti kjósa aftur um staðsetningu nýs kirkjugarðs í Ólafsfirði með þeim hætti að sérstaklega þeir sem eldri eru geti kosið án vandkvæða.

Virðingarfyllt

Jón Ævar Klemensson kt. 070446-3839

Rósa Jónsdóttir, kt. 200773-4899